

Breyting á flokkun í Grænu tunnuna.



- Fljótlega, einfaldara og umhverfisvænna!

Eitt af markmiðum með Grænu tunnuni Íslenska Gámafélagsins, er að gera flokkun einfalda og aðgengilega fyrir notendur eins og hægt er án þess að draga úr endurvinnslugildi þeirra hráefna sem til okkar koma. Mikil umræða hefur skapast um gildi þess að draga úr plastpokanotkun fyrir umhverfið og við hjá Íslenska Gámafélaginu ákveðið að leggja okkar af mörkum þar.

Breytingin á flokkunarreglum í Grænu tunnuna felur í sér að hætta að setja hráefnin í plastpoka. Þetta einfaldar flokkunina og gerir hana þægilegri fyrir notendur Grænu tunnunar og umhverfisvænni um leið.

Bylgjupappi, skrifstofupappír, dagblöð, tímarit og málmar mega fara **beint í tunnuna**. **Fernur, málma og plast þarf að skola** áður en hráefnin fara í tunnuna. Þá er æskilegt að raða fernum hverri ofan í aðra þannig að þær myndi bunka. Best er að plastinu sé haldið saman, sérstaklega smærri hlutum. Þá má nýta glæra poka sem falla til t.d. undan brauðpokum til að safna plasti í.

ATH - Mikilvægt er að hafa í huga að óhreint hráefni hentar ekki til endurvinnslu og ætti að fara með almennu rusli.

Hér til hliðar eru leiðbeiningar sem skýra betur hvernig skal ganga frá hráefnunum í tunnuna.

Flokkunarleiðbeiningar

- Fljótlega, einfaldara og umhverfisvænna!

